

Föstudagur 16. febrúar 2018

Fundur í stjórn landbótasjóðs. Allir aðalmenn mættir Eiríkur Kjerúlf, Jóhann Þórhallsson og Anna Bryndís. Fundur hófst kl. 20.30.

1. Formaður auglýsti eftir styrkumsóknum eins og undanfarin ár, svohljóðandi :

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps auglýsir eftir umsóknum um styrki til landbótaverkefna 2018. Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur liggja frammi á skrifstofu hreppsins og á heimasíðunni www.fljotsdalur.is. Skilafrestur umsókna er 16. febrúar og sendist merkt: Landbótasjóður Fljótsdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir.

Stjórnin

2. Afgreiðsla umsókna um landbótastyrki. Tólf umsóknir bárust.

Eftirtaldar umsóknir:

Arnheiðarstaðir, Eiríkur J. Kjerúlf	1.032.000,-
Bessastaðagerði, Guðmundur Pétursson	1.291.651,-
Brekka, Hallgrímur Þórhallsson	1.099.500,-
Brekkugerði, Jóhann Þórhallsson	900.100,-
Droplaugarstaðir, Lárus Heiðarsson	400.000,-
Eyraryland, Jóhann Þ. Ingimarsson	463.200,-
Hrafnkelsstaðir, Hjörtur E. Kjerúlf	660.000,-
Melar, Eyjólfur Ingvason	360.000,-
Skriðuklaustur, Hallgrímur Þórhallsson	1.099.500,-
Vallholt, Hjörtur E. Kjerúlf	582.800,-
Valþjófsstaður 2, Friðrik Ingi Ingólfsson	386.000,-
Víðivellir fr, Jósef Valgarð	<u>1.105.000,-</u>
	9.379.751,-

Styrkumsóknir eru 1.427.751, - kr. umfram þær 7.952.000,- kr. sem áætlaðar eru til úthlutunar á þessu ári , eða 15% umfram.

„Enginn fær hærri styrk en 850.000,- (10,7 % af úthlutun). Umsóknir undir 800.000,- kr. eru ekki skertar“.

Úthlutun styrkja er 4,5 % til 10,7 % af heildarupphæð.

Ákveðið að greiðsla fyrir vélavinnu verði 10.000,- kr. og greiðsla fyrir manninn verði 4.500,-.

Fleira ekki gert á þessum fundi, en ákveðið að boða annan fund , fimmtudagskvöld 22. febrúar kl. 20.

Fundi slitið kl. 23.20

Anna Bryndís fundarritari (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Eiríkur J. Kjerúlf (sign)